



**ORKUSTOFNUN**

**RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri**

## **Hellisheiði – Hola HE-5**

**2. áfangi: Borun fyrir 9<sup>5</sup>/<sub>8</sub>" vinnsluþóðringu frá 303 m í 802 m dýpi**



**Bjarni Richter, Ómar Sigurðsson, Ásgrímur Guðmundsson, Steinar Þór Guðlaugsson, Guðlaugur Hermannsson, Kristján Skarphéðinsson**

**Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur**

**2002**

**OS-2002/025**





**Bjarni Richter, Ómar Sigurðsson, Ásgrímur  
Guðmundsson, Steinar Þór Guðlaugsson,  
Guðlaugur Hermannsson, Kristján  
Skarphéðinsson**

## **HELLISHEIÐI – HOLA HE-5**

**2. áfangi: Borun fyrir 9 5/8” vinnslu-  
fóðringu frá 303 m í 802 m dýpi**

**Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur**

**OS-2002/025**

**Júní 2002**

ORKUSTOFNUN – RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 569 6000 – Fax: 568 8896

Akureyri: Háskólinn á Akureyri, Sólborg v. Norðurslóð, 600 Ak.

Sími: 463 0559 – Fax: 463 0560

Netfang: [os@os.is](mailto:os@os.is) – Veffang: <http://www.os.is>





<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2002/025	<b>Dags.:</b> Júní 2002	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
------------------------------------	----------------------------	---

<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> HELLISHEIÐI – HOLA HE-5 2. áfangi: Borun fyrir 9 5/8" vinnslu-fóðringu frá 303 m í 802 m dýpi.	<b>Upplag:</b> 45
	<b>Fjöldi síðna:</b> 60
<b>Höfundar:</b> Bjarni Richter, Ómar Sigurðsson, Ásgrímur Guðmundsson, Steinar þór Guðlaugsson, Guðlaugur Hermansson, Kristján Skarphéðinsson	<b>Verkefnisstjóri:</b> Benedikt Steingrímsson
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Rannsókn háhitasvæðis, 2. áfangi borverks	<b>Verknúmer:</b> 8-630025

<b>Unnið fyrir:</b> Orkuveitu Reykjavíkur
<b>Samvinnuaðilar:</b>

**Útdráttur:**

Gerð er grein fyrir er borun annars áfanga rannsóknarholu HE-5 á Helligsheiði og þeim gögnum sem safnað var í þessum áfanga. Verkið er unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Holan er í Sleggjubeinsskarði sunnan undir Skarðsmýrarfjalli. Í þessum áfanga var holan samkvæmt áætlun stefnuborað u.p.b. 50° til norðausturs og byggður upp um 35° halli. Borað var með 12 1/4" krónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu. Borun áfangans hófst 19. maí á 15. verkdegi og lauk 29. maí í 802 m dýpi. Safnað var sýnum af borsvarfi samkvæmt venju og jarðlög og ummyndun greind eftir þeim samhliða borun. Hefðbundnar borholumælingar voru gerðar, s.s. á upphitun, holuvídd, jarðlögum, steypugæðum, halla og stefnu. Hraunlög/bólstraberg og basaltbreksía eru ráðandi berggerðir. Aðeins einu sinni varð vart við skoltap. Epidót neðan 670 m gefur til kynna 230–240°C hita. Ýmislegt bendir til að vinnslufóðringin nái niður í háhitakerfið. Borverkið er unnið af Jarðborunum hf. en rannsóknarhlutann annast Rannsóknasvið Orkustofnunar.

<b>Lykilorð:</b> Háhitavæði, borhola, skáborun, jarðlög, ummyndun, vatnsæðar, borholumælingar, Helligsheiði	<b>ISBN-númer:</b>
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>
	<b>Yfirlit af:</b> BS, PI

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR .....	5
2. BORSAGA .....	9
3. JARÐLÖG , UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR.....	16
3.1 Jarðlög og ummyndun .....	16
3.2. Vatnsæðar og hiti .....	17
4. BORHOLUMÆLINGAR.....	21
5. HEIMILDIR .....	27
6. VIÐAUKAR .....	28
Viðauki 1: Dagskýrslur úr öðrum áfanga borunar holu HE-5.....	29
Viðauki 2: Aflestur mælinga (surveys) úr MWD tæki í borlok. ....	47
Viðauki 3: Uppbygging borstrengs.....	60

## TÖFLUR

Tafla 1. Niðurstöður gýróhallamælinga.....	9
Tafla 2. Gangur borunar með 12 ¼" krónu fyrir 9 5/8" öryggisfóðringu.....	10
Tafla 3. Fóðrunarskýrsla Jarðborana.....	13-14
Tafla 4. Yfirlit borholumælinga í 2. áfanga.....	22

## MYNDIR

Mynd 1. Staðsetning holu HE-5 á Hellisheiði.....	6
Mynd 2. Hönnunarteikning af holu HE-5. ....	7
Mynd 3. Skolprýstingur í borun.....	8
Mynd 4. Halli og stefna holu HE-5, skv. gýrómælingum .....	11
Mynd 5. Framvinda borverks.....	12
Mynd 6. Jarðlagaskipun holu HE-5 ásamt borgögnum. ....	17-18
Mynd 7. Önnur borgögn.....	19
Mynd 8. Hitamælingar gerðar í áfanga 2, bæði fyrir og eftir steypingu .....	22
Mynd 9. Jarðlagamælingar úr 2. áfanga HE-5 .....	23
Mynd 10. Áætlað magn steypu fyrir fóðringu.....	24
Mynd 11. Steypumælingar (CBL) í 2. áfanga holu HE-5 .....	25
Mynd 12. Upphitunarmæling í HE-5.....	26

## 1. INNGANGUR

Orkuveita Reykjavíkur hyggur á áframhaldandi rannsóknaboranir árið 2002 á svæðinu sem kennt er við Hellisheiði, en það er suðurhluti háhitasvæðisins við Hengil. Sumarið 1986 var boruð rannsóknahola við Kolviðarhól skammt frá skíðaskála Vals. Síðar var borið niður á Ölkelduhálsi veturinn 1993-94 og ein hola boruð þar. Þá var borað í nafni Hitaveitu Reykjavíkur. Á vegum Orkuveitu Reykjavíkur hófust rannsóknaboranir á nýjan leik árið 2001 og voru þá stefnuboraðar tvær holur, HE-3 undir austanvert Skarðsmýrarfjalls og HE-4 undir Stóra-Reykjafelli. Sumarið 2002 eru áætlaðar tvær stefnuboraðar holur. Fyrri rannsóknarholan, HE-5 sem hér er fjallað um, er í Sleggjubeinsskarði neðan við skíðaskála Víkings sunnan undir Skarðsmýrarfjalli (mynd 1). Hún verður stefnuboruð til norðausturs inn á svæði sem viðnámsmælingar og yfirborðsjarðhiti gefa til kynna að sé mjög áhugavert. Megintilgangur borananna er áframhaldandi upplýsingaöflun um skipan jarðlaga og eðliseiginleika þeirra ásamt öflun upplýsinga um vinnslueiginleika jarðhitavökva á svæðinu. Hnit HE-5 eru:

X=364109,08      Y=396154,31      Z=307,22 m y.s.

Staðarnúmer holunnar í gagnagrunni Orkustofnunar er 95105. Hönnun hennar er í aðalatriðum sama og holna HE-3 og HE-4 (mynd 2). Holunni er ætlað að afla upplýsinga um jarðhitann undir vestanverðu Skarðsmýrarfjalli. Boráætlun gerir ráð fyrir skáborun holunnar til norðausturs neðan við öryggisfóðringu á 300-350 m dýpi.


forboraði holuna í 90,5 m dýpi. 18 5/8" yfirborðsfóðring var steipt niður í botn. Jarðborinn Jötunn var síðan fluttur á borstað 4. maí 2002 og lauk uppsetningu hans 11. maí. Borverki Jötuns við holu HE-5 er skipt í þrjá áfanga. Í fyrsta áfanga var borað í 303 m dýpi og sett niður 13 3/8" öryggisfóðring og hún steipt. Um þann boráfanga og rannsóknir í tengslum við borunina hefur þegar verið fjallað í áfangaskýrslu (Sigurður Sveinn Jónsson o.fl., 2002).

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir borun 2. áfanga HE-5. Vinna við 2. áfanga hófst þegar lokið var við að sjóða flans á holutoppinn og ganga frá öryggisloku, skömmu eftir miðnætti 19/5 2002, á 15 verkdegi. Öðrum áfanga lauk svo 29. maí, í 802 m, þegar skorið var ofan af fóðringu og þennslulíf var komið fyrir. Áætlun gerði ráð fyrir borun með 12¼" borkrónu frá enda öryggisfóðringar niður í um 800 m dýpi og steypingu 9 5/8" vinnslufóðringar í botn. Gert var ráð fyrir að beita skáborun frá upphafi áfangans og byggja upp 35° halla áður en komið væri í fóðringardýpi. Stefna holunnar var ákveðin í norðaustur (stefna 50° +/-10°).

Í skýrslunni er fyrst gerð grein fyrir gangi borverksins og niðurstöðum gýróhallamælinga. Síðan er gefið yfirlit yfir jarðfræði, ummyndun og vatnsæðar svæðisins er holan liggur um. Að lokum er fjallað um borholumælingar sem gerðar voru í áfanganum. Í viðauka eru afrit af þeim dagskýrslum, sem sendar voru út meðan á þessum áfanga stóð. Allar dýptartölur í skýrslunni eru miðaðar við drifborð Jötuns, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Fjarlægð frá kjallarabrun að efri brún drifborðs er 6,86 m.


Borverkið við holu HE-5 er unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt útboðsgögnum lögðum fram af Orkuveitu Reykjavíkur, en rannsóknarþátturinn annast Rannsóknasvið Orkustofnunar samkvæmt samningi við Orkuveitu Reykjavíkur frá 10. maí 2002.

Forsendum fyrir staðsetningu og hönnun holunnar er lýst í greinargerð Orkustofnunar frá 22. nóvember 2001 (Ásgrímur Guðmundsson o.fl., 2001).



Mynd 1. Staðsetning holu HE-5 á Hellisheiði.





Mynd 2. Hönnunarteikning af holu HE-5.

## 2. BORSAGA


Vinna við annan áfanga holu HE-5 hófst rétt eftir miðnætti þann 19. maí 2002, á 15. verkdegi, en suða og frágangur flansins markar upphaf áfangans. Helstu atriði í gangi borunar 2. áfanga eru sýnd á mynd 5. Yfirlit gýrómælinga er birt í töflu 1 en fylgst var með halla og stefnu holunnar með tvennu móti, þ.e. með segulhallamæli í mælikolla (MWD) tæpum 12 metrum ofan við krónu og síðan með sambyggðum gýró- og hallamæli (SRO og G2) sem slakað var niður í holuna inni í borstöngum. Aflestur úr MWD-mælikolla er í viðauka. Niðurstöður gýrómælinganna má einnig sjá á mynd 4, þar sem halli og stefna holunnar í 2. áfanga er teiknuð.

Borstrengur var samsettur á eftirfarandi hátt: Neðst er 12 ¼" króna, þar næst bormótor, stýring, millistykki (XO), dempari, millistykki, 11 álagsstangir, millistykki, jar, millistykki og loks 3 álagsstangir til viðbótar. Nánari lýsingu á borstreng (bottom hole assembly) má sjá í viðhengi.

Unnið var að uppsetningu öryggisloka fram á kvöld þann 19. maí. Um kl. 20 var settur niður strengur til að kæla holu fyrir borun. Síðan var hann tekinn upp, stangir brotnar út og blindloki prófaður og reyndist hann í lagi. Sett var niður aftur með MWD, bormótor og jar um kl. 11:30 þann 20 maí. Uppbygging borstrengs má sjá í viðauka. Byrjað var að bora í steypu um kl. 16:00 í 261 metra. Öryggislokar prófaðir. Komið niður úr flotskó um kl. 18:30 og borun í berg hófst um kl. 20:00. Var þá blandað gel og boraðir voru 17 metrar (320 m dýpi) áður en fyrsta gýrómæling var gerð. Síðan var farið að stefnubora. "Kick off point" (kop) er því í 320 metrum. Var þá borað með snúning á mótor, en ekki drifborði.

Til að byrja með var gýrómælt eftir hverja stöng til að bera saman við MWD mælingar í borun. Kom í ljós nokkuð ósamræmi milli gýrómælinga og MWD-mælinga og því var mælt svona oft. Eftir því sem á leið var farið að treysta MWD en ljóst var að einhverrar skekkju gætti, líklega vegna seguláhrifa frá berginu. Var þá farið að fækka gýrómælingum og þær gerðar eftir hverjar 6-10 stangir (72-90 m) skrá yfir gýró-mælingar má sjá í töflu 1.

Borun gekk vel fyrir sig (tafla 2). Ekki varð vart við skoltap, utan smá leka (2,5 l/s) á um 462 metra dýpi. Ekki varð vart við þennan leka í borgögnum (mynd 3), en mæling í kari gaf þetta til kynna. Var blandað glimmer (mica) í borleðjuna til að þetta og tókst það vel. Það skýrir þrýstingsfallið ofan við 464 metra, þar sem önnur dælan var notuð til að hræra í leðjunni á meðan og eftir að



Mynd 3. Skolþrýstingur í borun. Ekki varð vart við þrýstifall á 462 metra dýpi. Sjá texta.

glimmer var blandað við hana. Einnig var blandað sóða reglulega í leðjuna til að hún héldi eiginleikum sínum.

**Tafla 1.** Niðurstöður gýróhalla-mælinga í 2. áfanga, sem gerðar voru frá 20-23 /5 2002.

Jardboranir hf			Gýrómælingar HE -5, Jun-2002				
Dýpi	Halli	Stefna	Raundýpi	Hliðr. norður	Hliðr. austur	Hliðrun	"Dogleg"
0	0	0	0	0	0	0	0
30	0.4	0.9	30	0.11	0	0.06	0.4
80	0.3	8.6	80	0.41	0.02	0.25	0.07
130	1.5	308.8	129.99	0.95	-0.47	0.14	0.82
180	1.4	310.7	179.98	1.76	-1.44	-0.22	0.07
230	1.4	308.4	229.96	2.53	-2.38	-0.58	0.03
280	1.7	306.6	279.94	3.36	-3.46	-1.02	0.18
290	1.7	306.8	289.94	3.53	-3.69	-1.12	0.02
299	1.8	308.7	298.93	3.7	-3.91	-1.2	0.39
308	1.8	304.1	307.93	3.87	-4.14	-1.3	0.48
340	2.5	23.5	339.91	4.79	-4.28	-0.9	2.62
377	6.6	43.1	376.79	7.09	-2.5	1.85	3.51
405	8.1	44.2	404.56	9.67	-0.03	5.34	1.61
432	9.9	48.2	431.23	12.59	3.03	9.5	2.12
446	11	48.5	444.99	14.27	4.93	12.01	2.36
466	12.2	52.7	464.59	16.82	8.04	16.01	2.2
486	13.6	53.4	484.08	19.5	11.61	20.47	2.11
511	15.7	53.3	508.27	23.27	16.68	26.78	2.52
529	16.9	52.8	525.54	26.31	20.72	31.83	2.01
548	18.5	54.6	543.64	29.73	25.37	37.6	2.67
567	20	54.5	561.58	33.36	30.48	43.86	2.37
587	21.8	54.9	580.26	37.48	36.3	50.99	2.71
615	23.7	55	606.08	43.7	45.16	61.81	2.04
646	26.6	55.9	634.14	51.17	56.02	74.99	2.83
664	27.2	52.6	650.2	55.92	62.62	83.12	2.68
684	28.5	52.7	667.88	61.59	70.05	92.44	1.95
705	30.9	51.1	686.12	68.02	78.23	102.82	3.61
732	33.6	51.5	708.95	77.02	89.48	117.17	3.01
762	35.3	52.9	733.69	87.42	102.89	134.09	1.88

Enn hélt borun áfram, áfallalaust, í allt að 666 metra dýpi, en þar festist strengur augnablik. Hann losnaði þó mjög fljótlega aftur, er borað var niður og síðan híft aftur. Þar næst var gýrómælt í 685 metrum, þann 23 maí kl. 19:00 á 19 verkdegi. Ekki vildi betur til en þegar verið var að hífa mæli upp, að hann losnaði frá mælingavírnum og féll niður strenginn til botns. Slíkt hefur aldrei gerst áður. Varð því að taka strenginn úr holunni til að nálgast mælinn aftur. Var upptekt lokið um kl. 23:00 um kvöldið og sem betur fer reyndist gýrómælir óskemmdur (sjá nánar umfjöllun í 4 kafla). Síðan hélt borun áfram um kl. 09:00 morgunin eftir með sama hætti og áður. Var síðan gýrómælt, en eftir hana festist strengur augnablik aftur, en eitt högg með jar losaði hann. Gýrómælingar (SRO) í 2. áfanga má sjá í töflu 1.

Borun 2. áfanga var hætt í 802 metrum, kl. 05:00 aðfarnótt laugardagsins 25 maí, á 21 verkdegi. Yfirlit um borgang má sjá í töflu 2. Tók þá við upptekt og jarðlagamælingar, en niðurstöður þeirra má sjá í 4 kafla. 9 5/8" fóðring var síðan sett í holuna niður í 799

m og hún steyppt. Fóðrunarskýrslu frá Jarðborunum má sjá í töflu 3. Steyping fór fram á 23. verkdegi, þann 27. maí frá kl 10:00-11:30. Áætlað hafði verið að allt að 35 rúmmetrar af steypu þyrfti á bak við fóðringu skv. víddarmælingu (sjá mynd 9, 4 kafla). Um 51 rúmmetra af steypu, með eðlismassa á bilinu 1,55-1,67 g/cm<sup>3</sup> var dælt niður í holuna, ásamt nokkrum pokum af mica, en þá var farin að koma steypa upp með eðlismassa 1,53 g/cm<sup>3</sup>. Var þá farið að dæla vatni. Ekki var hægt að dæla nema um 1400 l (1,4 rúmmetrar) af vatni á eftir steypunni, þar sem hún var farin að styrðna og hækkaði þrýstingur í eftirdælingu upp í allt að 80 bar. Var þá dælingu hætt og strengur slegin frá og tekinn upp úr holu, þar sem um 5,5 rúmmetrar af steypu stóð í honum, en það samsvarar um 200 metrum innan fóðringar. Tókst að ná strengnum upp áfallalaust. Tólf tímum síðar voru mælingamenn kallaðir á staðinn til að steypumæla. Frekari útlistun steypumælinga má finna í kafla 4.

2. áfanga lauk um kl. 17:00 þann 29. maí 2002, á 25 verkdegi, er skorið var ofan af fóðringunni og sett upp þensluslíf (kemur í stað suðu á flansi, þar sem endanlegur flans er þegar kominn á öryggisfóðringuna).

Þar á eftir voru öryggislokar settir upp og borstrengur í holuna og farið að bora steypu, en það tilheyrir þriðja áfanga, burtséð frá einni CBL-mælingu eftir útborun steypu úr fóðringu (sjá 4 kafla).


Skráning í tölvukerfi Jötuns var með venjulegum hætti og áður og voru upplýsingar þaðan notaðar til að skrá borþætti (mynd 6 og 7). Er þar hægt að sjá helstu breytingar á borþáttum meðan á borun stóð.

Svo bar við að spennujafnari sem sér tölvum fyrir rafmagni og tekur af spennusveiflur, bilaði á síðustu stöng í borun 2. áfanga og datt því skráningarkerfið út. Því eru aðeins til upplýsingar niður í 792 metra dýpi.

Einnig fengust upplýsinga frá Baker Hughes og MWD-tæki þeirra (viðauki 2). Þeir þættir sem þar eru skráðir eru stefna og halli holu, auk hitastigs skolvökva. Með því að bera saman mælingar á hita skolvökva frá holu og hitamælingar MWD í holu má sjá að þeim ber afar vel saman. Því virðist í þessu tilviki vera hægt að styðjast við aðra hvora mælinguna á hita skolvökva og er skráning Jötuns því látin duga hér.

**Tafla 2.** Gangur borunar með 12 ¼" krónu fyrir 9 5/8" öryggisfóðringu.

Dagsetn.	Verkdagur	Bortími (klst)	Borun (m)	Meðalborhr. (m/klst)	Dýpi (m)
20.05.02	16	2,0	17	8,5	320
21.05.02	17	11,0	115	10,45	435
22.05.02	18	15,0	141	9,4	576
23.05.02	19	10,5	109	10,4	685
24.05.02	20	8,5	90	10,6	775
25.05.02	21	4	27	6,75	802
Samtals:		<b>51</b>	<b>499</b>	<b>9,35</b>	




Mynd 4. Halli og stefna holu HE-5, skv. gýrómælingum.



## Hellisheiði HE-5


### 2. áfangi

Verkdagar



Mynd 5. Framvinda borverks.

Tafla 3. Fóðrun með 9 5/8" fóðringu og steyping (fóðrunarskýrsla JB).

 <b>JARDBORANIR HF</b> SKIPHOLTI 50D - 105 REYKJAVÍK	FÓÐRUNARSKÝRSLA		Eyðublað nr. 68-051

Verk nr. 42682	Hola nr. HE - 5	Borstaður Hellisheiði	Bor Jötunn	Verkkaupi Orkuveita Reykjavíkur
Vídd holu 12 1/4"	Dýpt holu mv. drifborð 802m	Fóðring nr. 3	Fóðrun framkv. dags. 26.5.2002	Útfyllt af: K.S. Ó.G

Holudýpi frá flangsi				794.24 m		Fóðringard. frá fl.		791.10 m		Röretalning			
<b>FÓÐRING</b>	Gerð	K - 55		Þyngd		47 lbs/ft							
	Utanmál	9 5/8"		Innanmál		220.5 mm		LENGD	NR	MS	ALLS m		
	Veggþykkt	12 mm		Þöntunar nr.									
	Tengi	Skrúfuð buttress							8.17	1		8.17	
	Flang	Rörin eru í þensluslif við 12" X 900 holuflang							14.42	2	X	22.59	
	Stungutengi	Float collar							14.44	3		37.03	
	Skór	Float shue							14.11	4		51.14	
	Miðjustillar	20	stk	Steyputappar		stk		14.23	5	X	65.37		
<b>STEYPING</b>	Steypa 1 þurrefni	53,456	kg	Tafefni	53	kg	14.17	6		79.54			
	Eðlisþyngd	1.6	kg/l	Steypingartími	65	min	14.43	7		93.97			
	Steyputæki	Halliburton mæla og mixari					14.25	8	X	108.22			
	Steypa kom upp	?	Já	Eðlisþyngd steypu upp	1.53	kg/l	14.43	9		122.65			
	Eftirdæling	1,400	ltr	Eftirdæling	3	min	14.28	10		136.93			
	Steypa 2 þurrefni		kg				14.36	11	X	151.29			
<b>FRÁGANGUR</b>	Dýpi á steypu utan röra	4	m	Steypt utan með eftir	50	klist	14.32	12		165.61			
	Steypa þurrefni	200	kg	Skorið ofan af eftir	48.5	klist	14.43	13		180.04			
	Dýpi á steypu í röri	690	m	Steypa boruð eftir	65	klist	14.18	14	X	194.22			
							14.18	15		208.40			
							13.89	16		222.29			
							13.74	17	X	236.03			
							14.43	18		250.46			
<b>ATHUGASEMDIR</b>							14.43	19		264.89			
Beitt var hefðbundinni aðferð, settir voru 3 pokar af mica flakes í fyrstu 10m3.							13.82	20	X	278.71			
Steypa kom upp og mældist 1,48 kg/l þegar eftirdæling hófst.							13.93	21		292.64			
Þegar búið var að dæla 1400 l af 7100 l var þrýstingur um 80bör og var þá							14.43	22		307.07			
eftirdælingu hætt, mældist þá steypa upp 1,53 kg/l.							13.93	23	X	321.00			
Steypa hafði sigið um 4m þegar skorið var ofan af.							14.43	24		335.43			
							14.42	25		349.85			
							13.71	26	X	363.56			
							14.41	27		377.97			
							14.41	28		392.38			
							14.19	29	X	406.57			





### 3. JARÐLÖG , UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

#### 3.1 Jarðlög og ummyndun

Svarfsýni voru tekin á tveggja metra fresti eins og venja er við boranir. Sýnin voru greind samhliða borun, bæði berggerð og ummyndun. Á mynd 6 eru sýnd jarðlög holunnar frá 300 m og niður á 802 m dýpi ásamt vísbendingum um ummyndun bergsins, vatnsæðar, borhraða og skolvatnsgögnum.

Þegar komið var niður úr fóðringu lenti borinn í fremur glerjuðum hraunlögum, þeim sömu og voru í botni holunnar í 1. áfanga. Í öðrum áfanga eru jarðlög sem hér segir:

*300-340 m dýpi.* Hraunlög. Allglerjuð ólivín-þóleítt hraunlög. Allt frá fínkorna til meðalkorna kristallar. Í meðallagi ummyndað. Helstu ummyndunarsteindir eru heulandít, stílbít, kalsedón, kalsít og pýrít.

*340-548 m dýpi.* Móbergsmýndun. Meginuppistaða þessarar syrpu er basaltbreksía. Hún er svolítið túffblönduð og koma stöku hrein túfflög öðru hvoru. Efst í syrpu er allnokkuð ummyndað túffset (möl). Þó nokkuð af innskotum virðist til staðar í þessari syrpu og það fyrsta er fremur grófkorna þóleítt á bilinu 350-360 m. Stöku fínkorna innskot skjóta einnig upp kollinum neðar, s.s. 418-420 m, 438-444 m, 472-482 m. Einnig eru innskotalegar syrpur frá 486-502 m og 508-512 m. Þessi innskot eru afar þétt og lítið um ummyndunarsteindir í þeim. Plagíóklasdílur sjást. Jarðlagamælingar staðfesta einnig tilvist þessa innskota (mynd 9, 4 kafli). Breksían við þau er þó undantekningarlaust mjög mikið ummynduð. Almennt er þessi breksíusyrpa mikið ummynduð, burtséð frá innskotunum.

Helstu ummyndunarsteindir eru zeólítar, kvars, pýrít og kalsít. Greinilegt er að zeólítarnir eru eldri ummyndun sem ekki er í jafnvægi við núverandi hita, en kvarsíð er nýtilkomið. Því er möguleiki að fá þessar steindir saman, sem ekki eru til staðar samtímis undir venjulegum kringumstæður. Kvarsíð kemur fyrst inn, svo öruggt sé, á um 470 metra dýpi. Mjög mikið kalsít er til staðar í allri mynduninni.

*548-802 m dýpi.* Hraunlög/bólstraberg. Mjög erfitt var að greina þessa syrpu, þar sem svarfið virðist allnokkuð blandað. Einnig gætu þetta ýmist verið mikið glerjuð hraunlög, eða hreinlega bólstraberg. Allnokkuð er af plagíóklasdílum. Vel er hugsanlegt að þetta sé hluti af sömu/samskonar móbergsmýndun sem basaltbreksían hér að ofan er mynduð úr. Stöku hraunlög eru klárlega inn á milli, en hugsanlegt er að eitthvað af innskotum séu þar einnig, þó ekki hafi náðst að greina þau. Þetta er fremur einsleitt berg, eins og sést einnig í jarðlagamælingunum. Efst er þétt lag (550-570 m), sem hugsanlega gæti verið innskot. Þetta sker sig einnig út í mælingunum, sem og kaflinn frá ca. 620-630 m. Stöku breksíulög eru til staðar, m.a. í botni holunnar. Ekki er hægt að segja til á þessu stigi hvort þetta neðsta lag sé upphaf nýrrar syrpu eður ei.

Ummyndun í þessari jarðlagasyrpu er mikil. Wairakít sést fyrst á um 650 metra dýpi, en það gefur til kynna um eða yfir 200°C. Einnig á sama kafla sést laumontít, en það er að öllum líkindum yfirprentað. Epidót kemur inn á um 670 metra dýpi, en það gefur til kynna um eða yfir 230-240°C.

### 3.2. Vatnsæðar og hiti

Sáralítið skoltap mældist í borun þessa áfanga. Borað var með leðju og er vel hugsanlegt að hún hafi haldið úti flestum smáæðum í holunni. Aðeins einu sinni varð vart við skoltap, en það var um 2,5 l/s á 462 metra dýpi, hugsanlega í eða við neðri hluta hraunlags eða innskots. Sett var glimmer til að þétta og tókst það strax.

Hitamælingar í holunni (mynd 8) sýndu að ekki var um neinar æðar að ráði í holunni. Þó er æðavottur á um 350-360 m, 550-575 m og einnig í um 760 metrum (sjá einnig umfjöllun í 4 kafla). Ekkert skoltap mældist þó á þessum köflum í borun, enda borað með leðju. Eina skoltapið, er eins og áður sagði í 462 metrum, en sú æð sést ekki á hitamælingu og alveg eins líklegt að það sé kaflinn á 350-360 m sem hafi opnast eitthvað. Leðjan var skoluð úr holunni rétt fyrir steypingu en ekkert skoltap mældist heldur þá.

Svarfgreining styður niðurstöður hitamælingar þannig að mikið var um útfellingar á þeim köflum sem hitamæling gaf til kynna æðakafla.

Upphitunartími holunnar var metinn sem hægur, eða um 1°C/klst.

Svo virðist sem neðan u.þ.b. 344 metra sé ummyndunin almennt orðin mikil. Fram að því hafa lághitazeólítar, s.s. heulandít og stilbít, verið mest áberandi ásamt pýríti. Neðan við 344 metra verður allnokkur aukning í kalsíti og er sú steind langalgengust í breksíumynduninni. Það gætu bent til að sú syrpa hafi verið allek.

Laumontít virðist vera að koma inn á tæplega 460 metra dýpi, og svo við og við niður undir 700 metra. Oft er það yfirprentað steindum sem myndast við mun hærra hitastigs, s.s. kvarsí og wairakíti, en það bendir til þess að skyndileg hitnun hefur átt sér stað. Þetta sést líka í holu HE-4, auk þess sem holur á Nesjavöllum bera þess einnig merki.

Kvars (>180°C) birtist á um 470 metrum og háhitazeólítinn wairakít (>200°C) á um 650 m. Epidót, fremur fínkorna og óásjálegt, birtist neðan við 670 metra, bendir til hita um eða yfir 230-240°C.

Ýmislegt bendir því til þess að vinnslufóðring holunnar nái niður í háhitakerfið og ætti því að vera óhætt að nýta þær æðar sem skornar verða eftir þetta.





Staður: Hellisheiði  
Holunafn: HE-5

Bor: Jötunn  
Dýptarbil: 303-802 m

Skolvökvi: Leðja  
Verkhliuti: 2. áfangi

Staðarnúmer: 95105  
Starfsmenn: BR





Mynd 6. Jarðlagaskipun holu HE-5 ásamt borgögnum.



#### 4. BORHOLUMÆLINGAR

Hér verða raktar þær mælingar sem gerðar voru í 2. áfanga boruna holu HE-5. Mælingunum má skipta í fjóra hluta eftir tilgangi þeirra:

1. Aðstoð við mælingamenn frá Baker-Hughes við gýro-, stefnu- og hallamælingar gerðar í borun þessa áfanga holunnar.
2. Hitamælingar í borstreng og opinni holu til að kortleggja vatnsæðar og mæla upphitunarhraða í holunni.
3. Jarðlagamælingar í opinni holu til að fá upplýsingar um berglög sem holan sker.
4. Hita- og CBL-mælingar eftir steypingu vinnslufóðringar, til að kanna gæði steypu handan fóðringar og bindingu við fóðringuna.

Nokkuð margar gýrómælingar voru gerðar af Baker-Hughes, en mælingabíll Orkustofnunar var notaður og aðstoðaði mælingamaður við þær. Yfirlit gýrómælinganna er birt í töflu 1. Gýrómælingarnar eru allar punktmælingar á ákveðnu dýpi.

Þegar gýrómælingu var lokið að kvöldi 23. maí og byrjað var að hífa gýrómælinn varð það óhapp að kapalhaus skrufaðist í sundur. Við það slitnaði mælirinn frá mælikaplinum og féll hann hátt í 500 m innan í borstrengnum. Einangrun hafði verið tekin af kapalhausnum til að þræða hann gegnum tappa frá Baker Hughes sem lokaði að mælingakaplinum og varnaði rennsli upp úr holunni. Getur það hafa átt þátt í að þetta óhapp varð. Borstrengur var þá settur í holubotn (686 m) og holan kæld með dælingu þar til kl. 21 að borstrengur var tekinn úr holunni. Gýrómælirinn kom upp með borstrengnum og virtist við fyrstu prófanir ekki hafa skaðast af fallinu. Þegar borstrengur var kominn úr holunni var hitamælt til að kanna upphitun og athuga hvort greina mætti einhverjar vatnsæðar. Hitamælingin er sýnd á mynd 8 og getur bent til lítillar vatnsæðar nálægt 500 m dýpi og einhverra smærri æða við kælipunktana á dýptarbilinu 520-570 m.

Aðrar mælingar voru ekki fyrir en borun fyrir vinnslufóðringu lauk á 802 m dýpi. Holan var kæld með aðeins lengri skolun, en síðan var borstrengur tekinn upp. Leðju úr efstu 300 m var skolað upp með vatni, en borleðja var í neðri hluta holunnar. Undirbúningur að jarðlagamælingum hófst um kl. 18:30 þann 25 maí 2002 og var mælingunum lokið fyrir miðnætti. Mælingarnar eru sýndar á mynd 9 og í töflu 4 er tekið saman yfirlit um þær.

Byrjað var á hitamælingu til að kanna hitaástandið í holunni. Mælinguna má sjá á mynd 9 og betur á mynd 8. Hiti var lágur niður fyrir öryggisfóðringu, en á um 310 m hækkar hann aðeins og gætu verið litlar vatnsæðar á um 350 m og um 360 m. Hiti er síðan hækkandi í 550 m, en þar lækkar hitastigullinn og gætu verið einhverjar smáar vatnsæðar þar og niður á um 575 m. Hitastigullinn er svo svipaður niður á um 760 m, en þar gæti verið lítil vatnsæð. Hitinn var kominn yfir 100 °C í botni á 796 m þannig að 6 m botnfall var af svarfi og þykkri borleðju í holunni. Næst var nifteindadreifing og náttúruleg gammageislun mæld. Vegna takmarkaðs hitapols mælisins þótti ekki ráðlegt að fara með hann dýpra en í 750 m. Óverulegar breytingar eru í gammageisluninni sem bendir til að berg sé frekar einsleitt á dýptarbilinu 300-750 m. Smá lagskiptingu má greina í nifteindadreifingunni, þar sem lægri gildi merkja grofnara berg og hærri gildi þéttara berg. Sambærilega lagskiptingu má einnig greina í viðnámsmælingunni. Þar má


benda á gropið lag á 340-385 m sem er gegnum stungið af þéttu lagi (innskoti) á 350-360 m. Víddarmælingin sýnir fáa skápa í holunni, en þeir eru aðallega nálægt 360 m dýpi. Fyrir neðan öryggisfóðringuna sést skápur, sem er í reynd neðsti hluti 17 ½” holunnar sem boraður var fyrir þá fóðringu. Á 740-770 m má sjá sporöskjulögun í holunni, en að öðru leyti er holan tiltölulega slétt og rétt yfir máli 12 ¼” borkrónunar.

Reiknað var steypumagn sem þurfti í rúmmálið milli 9<sup>5</sup>/<sub>8</sub>” vinnslufóðringar og holunnar. Reyndist það vera um 35 m<sup>3</sup>, og er það sýnt á mynd 10.

**Tafla 4.** Yfirlit borholumælinga í 2 áfanga.

Dags.	Tímí	Mæling	Dýptarbil	Tilgangur	Skrá	Athugasemdir
24. maí	00:59-01:21	Hiti	0-686	Upphitun	H200205240059	Opin hola
25. maí	19:31-19:53	Hiti	27-796	Hiti	H200205251931	
25. maí	20:07-20:25	Nifteindir	52-750	Jarðlög	N200205252007	Mælt hratt í 290 m
25. maí	20:07-20:25	Nat-gamma	52-750	Jarðlög	G200205252007	Mælt hratt í 290 m
25. maí	20:25-21:24	Nifteindir	749-270	Jarðlög	N200205252025	
25. maí	20:25-21:24	Nat-gamma	749-270	Jarðlög	G200205252025	Truflanir í mælingu
25. maí	21:52-22:30	X-vidd	794-4	X-vidd	X200205252152	X-armur um 15 mm of hár
25. maí	21:52-22:30	Y-vidd	794-4	Y-vidd	Y200205252152	
25. maí	22:45-22:46	Viðnám 16”	321-340	Jarðlög	S200205252245	
25. maí	22:45-22:46	Viðnám 64”	321-340	Jarðlög	L200205252245	Forrit sló út
25. maí	22:45-22:46	Sjálfspenna	321-340	Jarðlög	A200205252245	Á 16” skauti
25. maí	22:56-23:10	Viðnám 16”	376-796	Jarðlög	S200205252256	
25. maí	22:56-23:10	Viðnám 64”	376-796	Jarðlög	L200205252256	
25. maí	22:56-23:10	Sjálfspenna	376-796	Jarðlög	A200205252256	Á 16” skauti
25. maí	23:11-23:33	Viðnám 16”	796-294	Jarðlög	S200205252245	
25. maí	23:11-23:33	Viðnám 64”	796-294	Jarðlög	L200205252245	
25. maí	23:11-23:33	Sjálfspenna	796-294	Jarðlög	A200205252245	
27. maí	22:40-23:01	Hiti	25-642	Upphitun	H200205272240	
27. maí	23:21-23:54	CBL	135-632	Steypubinding	B200205272321	Steypingu lauk um kl. 11:30
27. maí	23:54-00:34	CBL	632-7	Steypubinding	B200205272321	Truflanir ofan 170 m, samskeyti
28. maí	10:49-11:10	Hiti	15-568	Upphitun	H200205281049	
28. maí	11:29-11:57	CBL	43-547	Steypubinding	B200205281129	
28. maí	11:57-12:37	CBL	547-4	Steypubinding	B200205281157	Rúmunum 24 t eftir steypingu
28. maí	22:14-22:36	CBL	40-488	Steypubinding	B200205282214	
28. maí	22:36-23:04	CBL	488-4	Steypubinding	B200205282236	Um 35 tímum eftir steypingu
29. maí	10:14-10:35	CBL	5-440	Steypubinding	B200205291014	
29. maí	10:35-11:02	CBL	440-2	Steypubinding	B200205291035	Um 47 tímum eftir steypingu
30. maí	20:00-20:13	CBL	15-326	Steypubinding	B200205302000	Búið að bora út steypu
30. maí	20:13-20:29	CBL	326-7	Steypubinding	B200205302013	
30. maí	20:37-21:02	Hiti	34-802	Upphitun	H200205302037	
30. maí	21:06-21:40	Hiti	760	Upphitun	T200205302106	Upphitun á 760 m
30. maí	21:40-22:06	Hiti	802-7	Upphitun	H200205302140	Mælt upp


## Hellisheiði hola HE-5




Mynd 8. Hitamælingar gerðar í áfanga 2, bæði fyrir og eftir steypingu.



### Hellisheiði hola HE-5




Mynd 9. Jarðlagamælingar úr 2. áfanga HE-5.




Mynd 10. Áætlað magn steypu fyrir fóðringu.

vinnslufóðringuna rúmum 12 tímum eftir steypingu er orðin mjög góð upp á um 370 m dýpi. Þaðan og upp að öryggisfóðringu (294 m) er stirðnun steypunnar komin vel á veg og er að byrja allt upp á 170 m. Þar fyrir ofan er steypan enn mjög blaut, en útsláttur kringum 140 m dýpi er vegna truflana á triggeringu í mælinum er hann fer fram hjá rörasamskeytum. Þegar liðnir voru tæpir 24 tímar frá lokum steypingar var aftur mældur hiti í holunni og svo steypubinding (CBL). Mælingarnar eru á myndum 8 og 11. Hitamælirinn komst í 568 m og stoppaði þar á steypuhrafli, en CBL-mælirinn komst í 547 m. Á um 12 tímum hafði hiti aðeins hækkað um rúmar 10 °C neðst í holunni og því ljóst að upphitun var hæg. Mælingu á steypubindingu neðst í holunni svipar til fyrri mælingar og hefur aðeins aukist. Mest áberandi er að bindingin hefur batnað verulega milli fóðringa frá 294 m og upp á um 190 m. Steypubindingin var aftur mæld er liðnir voru um 35 tímar frá steypingu. Þá komst mælirinn í 488 m dýpi áður en hann stoppaði á steypuhrafli innan í fóðringunni. Vegna hægrar upphitunar þótti ekki ástæða til að mæla hita í holunni á undan CBL-mælingunni. Mælingin sýndi að steypubindingin fór batnandi og var orðin þökkaleg upp á um 160 m dýpi, en var enn léleg þar fyrir ofan (mynd 11). Að morgni 29. maí um 47 tímum eftir steypingu var steypubindingin mæld í fjórða sinn. Mælir komst þá í 440 m. Steypubindingin hafði lítið batnað efst í holunni frá fyrri mælingu, þó mátti greina að bindingin var komin af stað upp í um 120 m og á 70-50 m. Bindingin á dýptarbilinu 70-100 m virtist enn mjög léleg, en nokkru skárri ofan 50 m.

Næstu mælingar sem gerðar voru tengdust mati á steypubindingu vinnslufóðringarinnar. Steypingu vinnslufóðringar lauk um kl. 11:30 þann 27. maí og kom steypa upp, en stirðnun varð svo ekki kláraðist eftirdæling og urðu um 5,5  $m^3$  af steypu eftir í borstrengnum. Þegar borstrengurinn var tekinn upp tapaðist steypan innan í fóðringuna. Rúmmál steypunar samsvaraði tæpum 120 lengdarmetrum í fóðringunni og stungustykkið var á um 770 m. Þegar hitamælt var innan í fóðringunni rúmum 11 tímum síðar til að kanna hita fyrir CBL-mælinn mátti því búast við steypufyrirstöðu á um 650 m. Hitamælirinn komst í 642 m og er mælingin sýnd á mynd 8. Miðað við hitamælinguna fyrir fóðrun var holan aðeins um 10 °C heitari eftir steypinguna. Mæling á steypu-bindingunni er svo sýnd á mynd 11. Á myndinni sést að steypubindingin við



**Mynd 11.** Steypumælingar (CBL) í 2. áfanga holu HE-5.



Mynd 12. Upphitunarmæling í HE-5.

CBL-mælir settur í holuna og kannað hvort sjá mætti einhverja breytingu í steypubindingu efst í holunni. Vegna kælingar fôðringarinnar við borun steypunnar var ekki hægt að greina bindinguna á dýptarbilinu þar sem öryggisfôðringin er utan við vinnslufôðringuna eða niður á 294 m. Að lokum var upphitunarhraði kannaður með hitamælingum niður og upp holuna með rúmlega hálf tíma bið niðri. Hitamælingarnar eru sýndar á mynd 12 og virtist upphitunarhraðinn vera tæpar 8 °C/klst þar sem hann var mestur neðst í holunni. Ljóst var að við niðursetningu borstrengs fyrir 3. boráfanga var hægt að fara með krónu niður á minnst 550-600 m dýpi áður en kæla þurfti með niðursetningunni.

## 5. HEIMILDIR

Ásgrímur Guðmundsson o.fl., 2001. Jarðhitaforsendur vegna borana á Hellisheiði 2002. Orkustofnun, greinargerð ÁsG-KS-SÞ-BS-01/05. 10 s.

Sigurður Sveinn Jónsson o.fl., 2002. Hellisheiði, Hóla HE-5. 1. áfangi: Borun fyrir 13 3/8" öryggisfôðringu í 303 m dýpi. Orkustofnun, OS-2002/025, í útgáfu.

Þó steypubinding vinnslufôðringarinnar virtist í veikara lagi í efstu 150-160 metrunum var ákveðið að skera ofan af fôðringu og undirbúa fyrir 3. boráfanga. Svo virðist að einhver skil í gæðum steypunnar verði á um 160 m því miðað við hita utan fôðringar hefði mátt ætla að steypubindingin þróaðist á svipaðan hátt allt að 100 m dýpi en hægar þar fyrir ofan vegna lægri hita. Til að reyna að auka steypubindinguna efst var ákveðið að áður en borun harðrar steypu hæfist í fôðringunni, yrði heitara vatni lyft með dælingu upp frá steypuborðinu og það látið standa efst í fôðringunni í nokkra tíma.

Síðustu mælingar sem gerðar voru í þessum boráfanga voru gerðar að kvöldi 30. maí þegar búið var að bora steypu úr vinnslufôðringunni. Fyrst var

## **6. VIÐAUKAR**

**Viðauki 1: Dagskýrslur úr öðrum áfanga borunar holu HE-5**

20.05.2002

## BORVAKT Á HELLISHEIÐI

### HE-5 DAGSKÝRSLA #08

Verkkaupi: Orkuveita Reykjavíkur

Verktaki: Jarðboranir hf.

Hola: HE-5

Bortæki: Jötunn

Staðarnúmer: 95105

Jarðfr./mælingam.: AsG/SPG

Holuvídd:	12 1/4"
Síðasta fódhring:	~ 295 m
Skolvökvi:	

2. áfangi

#### 16. verkdagur

Dýpi kl. 24: 303 m

Dýpi kl. 08: 303 m

Skoltap: ~ 0 l/s

Borun síðasta sólarhring: 0 m

Bortími: 0 klst.

Meðalborhraði: 0 m/klst.

#### Borverk

Í gærkvöldi og síðastliðna nótt var álagsstangalengjan sett niður og holan skoluð og kæld um stund. Að því loknu voru álagsstangir og tilheyrandi brotið út og ný uppsetning á streng sett niður, sem tekur mið af áætlaðri stefnu- og hallauppyggingu. Búið er við að borun í stungustykki hefjist fljótlega. Áður en að því kemur er hugsanlegt að hreinsa þurfi einhverja steypuklepra þar ofan við.

*Borvakt*

21.05.2002

## BORVAKT Á HELLISHEIÐI

### HE-5 DAGSKÝRSLA #09

<i>Verkkauni:</i> Orkuveita Revkiavíkur	<i>Verktaki:</i> Jarðboranir hf.
<i>Hola:</i> HE-5	<i>Bortæki:</i> Jötunn
<i>Staðarnúmer:</i> 95105	<i>Jarðfr./mælingam.:</i> BR/SPG

Holuvídd:	12 1/4"
Síðasta fóðring:	~ 295 m
Skolvökvi:	Leðja

2. áfangi

#### 17. verkdagur

Dýpi kl. 24: 320 m  
Dýpi kl. 10: 350 m  
Skoltap: ~ 0 l/s

Borun síðasta sólarhring: 17 m  
Bortími: 2 klst.  
Meðalborhraði: 8,5 m/klst.

#### Borverk

